Ríkissaksóknari

# Ársskýrsla 2017

# Ársskýrsla 2017

Ríkissaksóknari

# Efnisyfirlit

1. Um verkefni ríkissaksóknara ........................................... 4

2. Tölulegar upplýsingar........................................................ 9

2.1. Fjöldi mála og afdrif þeirra ........................................ 10

2.2. Ákærðir .......................................................................... 18

2.3. Einstakir brotaflokkar hjá héraðssaksóknara........... 19

2.4. Tímalengd gæsluvarðhalds ....................................... 25

2.5. Kærðar ákvarðanir lögreglustjóra.............................. 25

2.6. Kærur samkvæmt 35. gr. lögreglulaga ...................... 26

2.7. Áfrýjunarmál ................................................................ 27

2.8. Sektarboð og sektargerðir.......................................... 27

# 1. kafli

# Um verkefni ríkissaksóknara

# 1 Um verkefni ríkissaksóknara árið 2017

### Eftirlits-, kæru- og samræmingarhlutverk ríkissaksóknara – aukið eftirlit

Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákæruvalds og hefur eftirlit með framkvæmd ákæruvalds hjá ákærendum á lægra stigi, þ.e. héraðssaksóknara og níu lögreglustjórum. Við embættið starfa 10 ákærendur, þ.e. átta saksóknarar, vararíkissaksóknari og ríkissaksóknari.

Rýmri tími gafst til eftirlitsverkefna með störfum ákærenda á árinu 2017 en fyrri ár vegna breyttrar samsetningar á verkefnum ríkissaksóknara.

Eftirlit ríkissaksóknara felst m.a. í yfirlestri allara uppkveðnna héraðsdóma og sektargerðir lögreglustjóra, meðferð kærumála vegna ákvarðana lögreglustjóra og héraðssaksóknara og heimsóknum til embætta lögreglustjóra og héraðssaksóknara, þar sem m.a. er farið yfir málsmeðferð, málshraða og fyrirmæli ríkissaksóknara. Á árinu 2017 hafði embættið 1507 héraðsdóma til yfirlestrar.

Stærstu málaflokkarnir við embætti ríkissaksóknara eru meðferð mála/málflutningur á áfrýjunarstigi og afgreiðsla kærumála vegna ákvarðana lögreglustjóra og héraðssaksóknara um að vísa kæru frá, hætta rannsókn, fella mál niður eða falla frá saksókn.

Ríkissaksóknari gefur út almennar reglur og fyrirmæli um meðferð ákæruvalds til allra ákærenda. Á árinu 2017 gaf ríkissaksóknari út 14 almenn fyrirmæli sem send voru öllum ákærendum og jafnframt birt á vef embættisins. Að hluta til var um uppfærslu eldri fyrirmæla að ræða vegna breytinga á skipan ákæruvaldsins.

Ríkissaksóknari tekur afstöðu til kæru vegna ákvarðana héraðssaksóknara og lögreglustjóra um að vísa kæru frá, hætta rannsókn, fella mál niður eða falla frá saksókn, sbr. 52. gr., 145. gr., 146. gr. og 147. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Við meðferð kærumála gefst oft tilefni til að benda lögreglustjórum og héraðssaksóknara á atriði sem betur mega fara í málsmeðferð einstakra mála og/eða að beina tilmælum til þeirra um málsmeðferð almennt. Ríkissaksóknara ber að taka afstöðu til kæru innan þriggja mánaða frá því að kæran barst embættinu til meðferðar.

Á árinu 2017 bárust 173 kærumál til meðferðar og var tekin afstaða til þeirra allra innan þriggja mánaða. Nánar er fjallað um meðferð kærumála í kafla 2.5.

### Málsmeðferð sakamála á áfrýjunarstigi

Ríkissaksóknari tekur ákvörðun um áfrýjun dóma í sakamálum til Hæstaréttar og Landsréttar (frá 1. janúar 2018) og flytur málin á áfrýjunarstigi. Á árinu 2017 voru 66 sakamál dæmd í Hæstarétti sem eru heldur færri mál en árin á undan en árið 2016 voru dæmd mál 92 og 103 árið 2015.

Landsréttur tók til starfa 1. janúar 2018. Þá voru 75 sakamál, sem voru ódæmd í Hæstarétti, færð yfir til Landsréttar til dómsmeðferðar þar.

### Aukið eftirlit ríkissaksóknara með hlustunum og sérstökum rannsóknaraðferðum lögreglu

Með lögum nr. 103/2016 sem tóku gildi 1. janúar 2017, var ríkissaksóknara fengið umfangsmeira eftirlitshlutverk en áður þegar kemur að hlustunum lögreglu. Um eftirlit ríkissaksóknara er fjallað í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 103/2016, sbr. nú 3. mgr. 85. gr. laga um meðferð sakamála, en þar segir:

*„Ríkissaksóknari hefur eftirlit með því að gögnum sé eytt og að tilkynnt sé um lok aðgerðar skv. 1. og 2. mgr. Setur hann reglur um hvernig eftirlitinu skuli háttað og skal þar m.a. koma fram hvernig tryggt verði að unnt sé að upplýsa eftir á hver eða hverjir hafi haft aðgang að upplýsingum sem aflað hefur verið með aðgerð skv. 80.–82. gr. Ríkissaksóknari skal árlega gefa út skýrslu um framkvæmd eftirlitsins og beitingu aðgerða skv. 80.–82. gr.“*

Í kjölfar lagabreytinganna gaf ríkissaksóknari út ný fyrirmæli um eftirlit með símahlustunum og skyldum úrræðum nr. 12/2017 sem send voru öllum lögreglustjórum og öðrum ákærendum 6. mars 2017 og birt á vef ríkissaksóknara. Skýrsla ríkissaksóknara um eftirlit með símahlustunum og skyldum úrræðum hefur verið birt á netsíðu embættisins.

### Sérstakar rannsóknaraðferðir og aðgerðir lögreglu við rannsókn sakamála, sbr. reglur innanríkisráðherra nr. 516/2011 hlekkur á reglur

Samkvæmt bréfi ríkissaksóknara, dags. 9. maí 2014, ber ríkislögreglustjóra, lögreglustjórum og héraðssaksóknara að senda ríkissaksóknara yfirlitsskýrslu tvisvar á ári um beitingu aðgerða og aðferða sem tilteknar eru í reglum nr. 516/2011. Skýrslur liggja fyrir frá öllum embættum fyrir árið 2017.

### Tölfræðilegar upplýsingar vegna starfsemi ákæruvaldsins

Um mitt ár 2017 gaf ríkissaksóknari út skýrslu um tölfræði ákæruvaldsins 2016 sem birt er á vef embættisins. Tölfræði ákæruvaldsins vegna ársins 2017 er birt samhliða þessari skýrslu.

### Aukin menntun og þjálfun ákærenda

Í mars 2017 hélt ríkissaksóknari námskeið um siðareglur fyrir ákærendur. Frummælendur á fundinum voru Sveinn Helgason sérfræðingur í innanríkisráðuneytinu, Jón Ólafsson prófessor við Háskóla Íslands og Sigríður J. Friðjónsdóttir ríkissaksóknari. Í byrjun nóvember gaf ríkissaksóknari út, og sendi öllum ákærendum til eftirbreytni, siðareglur fyrir ákærendur. Siðareglurnar eru í formi fyrirmæla ríkissaksóknara nr. 14/2017 og er þær að finna á vef embættisins. Þar er meðal annars fjallað um hlutlægni og sjálfstæði ákærenda í sínum störfum og framkomu ákærenda í starfi og utan starfs.

Í ágúst 2017 var ráðinn til starfa saksóknari við embætti ríkissaksóknara sem hefur einkum með höndum það verkefni að halda utan um menntun og þjálfun ákærenda. Haustið 2017 var unnið að undirbúningi fyrir fjórar námskeiðslotur sem fram fóru vor og haust 2018, alls 2x8 dagar (8 kennslustundir á dag, 64 kennslustundir í allt). Um er að ræða fyrsta grunnnámskeið ríkissaksóknara fyrir ákærendur sem reiknað er með að allir starfandi ákærendur sæki á árinu 2018. Þegar námskeiðinu lýkur mun það efni sem farið hefur verið yfir á námskeiðinu verða grundvöllur gæðahandbókar fyrir ákærendur sem verður öllum ákærendum tiltæk.

Einnig var á árinu 2017 hafinn undirbúningur að endurmenntunarnámskeiðum ríkissaksóknara sem hefjast árið 2019. Á árinu 2019 verður m.a. haldið námskeið um meðferð kynferðisbrotamála.

Þann 23. nóvember 2017 var haldið námskeið ríkissaksóknara um hatursglæpi fyrir ákærendur. Á námskeiðinu var fjallað um hugtakið hatursglæp, alþjóðlega og innlenda lagaframkvæmd tengda hatursglæpum, hvernig bera eigi kennsl á hatursglæpamál og hindranir við saksókn hatursglæpa. Þátttakendur fengu raunhæf verkefni til að leysa úr.

Í nóvember 2017 stóð ríkissaksóknari fyrir námskeiði fyrir þá ákærendur sem flytja munu mál fyrir Landsrétti, um málsmeðferð á hinu nýja millidómstigi. Fyrirlesari á námskeiðinu var Sigurður Tómas Magnússon þáverandi prófessor við Háskólann í Reykjavík.

Í nóvember 2017 var einnig haldinn árlegur fræðafundur ríkissaksóknara með öllum ákærendum. Á fundinum var fjallað um eftirgreind efni:

- Ölvunarakstur og fíkniefnaakstur – ítrekun o.fl. Dómaframkvæmd.
- Málsmeðferðartími og markmiðssetning.
- Fatlaðir og kynferðisbrot.
- Menntun og þjálfun ákærenda.
- Siðareglur fyrir ákærendur.
- Málsmeðferð fyrir Landsrétti.
- Rannsókn hætt hjá lögreglu.
- Stafrænt ofbeldi.

### Endurupptaka dæmdra sakamála

Ríkissaksóknari veitir umsögn um beiðni dómfellda um endurupptöku dæmds sakamáls. Einnig getur ríkissaksóknari haft frumkvæði að endurupptöku sakamála til hagsbóta fyrir dómfellda. Á árinu 2017 veitti ríkissaksóknari umsagnir um átta beiðnir dómfelldra um endurupptöku og fór fram á endurupptöku til hagsbóta fyrir dómfellda í fjórum málum.

### Alþjóðleg samskipti og samvinna á sviði ákæruvalds

Ríkissaksóknari sinnir réttarbeiðnum frá erlendum yfirvöldum og málum vegna kröfu um framsal/afhendingu erlendra ríkisborgara, þ.m.t. beiðnum á grundvelli Norrænu handtökuskipunarinnar.

Á árinu 2017 voru til meðferðar 76 framsals- og réttarbeiðnir við embættið og hafa þær aldrei verið fleiri. Árið 2016 voru þær 44, 46 árið 2016 og 31 árið 2015. Alþjóðleg samvinna á sviði sakamála var því meiri hvað þennan þátt varðar á árinu 2017 en fyrri ár.

Ríkissaksóknari á fulltrúa í sendinefnd Íslands hjá GRECO á vegum Evrópuráðsins. Sóttur var einn fundur í desember hjá GRECO, auk námskeiðs sem haldið var í maí fyrir úttektarmenn vegna V. úttektar GRECO sem nú er hafin. Ríkissaksóknari á einnig sæti í CCPE sem er nefnd háttsettra saksóknara á vegum Evrópuráðsins. Þá sótti fulltrúi ríkissaksóknara fund í byrjun nóvember um spillingu á vegum norrænu- og baltnesku ríkjanna. Fundurinn var haldinn í Helsinki.

Ríkissaksóknari tekur þátt í samstarfi vegna norrænu handtökuskipunarinnar, Nordic Arrest Warrant Network, og sækir árlega fundi vegna þessa. Tveir ákærendur sóttu fund í apríl í Gautaborg vegna þessa samstarfs.

Ríkissaksóknari og vararíkissaksóknari sóttu árlegan fund ríkissaksóknara Norðurlandanna á Svalbarða 4.-7. september. Þessir fundir eru afar gagnlegir en á þeim er farið yfir helstu lagabreytingar og þau álitaefni sem efst eru á baugi hverju sinni á Norðurlöndunum er varða refsirétt og meðferð sakamála.

### Fatlaðir og kynferðisbrot

Í ársbyrjun 2017 skipaði ríkissaksóknari starfshóp um meðferð kynferðisbrotamála þegar um fatlaða sakborninga og/eða brotaþola er að ræða. Í hópnum eiga sæti fagaðilar innan dómstóla, ákæruvalds, lögreglu og á sviði málefna fatlaðra.

Þau atriði sem starfshópnum var falið að huga að varða tilhögun skýrslutöku af fötluðum gerendum og þolendum við rannsókn mála og fyrir dómi, fræðslu og þjálfun lögreglumanna, ákærenda og dómara á þessu sviði og aðkomu réttindagæslumanna að málunum.

Starfshópnum var einnig falið að gera drög að verklagsreglum um meðferð ofangreindra mála og tillögur að lagabreytingum, ef talið verður að þeirra sé þörf, m.a. með hliðsjón af 13. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Starfshópurinn hefur nú skilað skýrslu til ríkissaksóknara með tillögum sínum og hefur ríkissaksóknari sent fyrirmæli til lögreglu og ákæruvalds þar um. Skýrsluna er að finna á netsíðu ríkissaksóknara.

### Rafrænt gagnaflæði á milli stofnana refsivörslukerfisins

Samskipti á milli embætta ríkissaksóknara annars vegar og lögreglustjóra og héraðssaksóknara hins vegar eru að stórum hluta orðin rafræn (tölvupóstur) og gagnaflæði þar á milli sömuleiðis með notkun málaskrárkerfis lögreglu og ákæruvalds (LÖKE).
Þá má í þessu sambandi nefna samstarfsverkefni héraðssaksóknara og Héraðsdóms Reykjavíkur sem ber heitið „Rafrænn dómari“. Öll sakamál héraðssaksóknara eru nú send í frumriti og rafræn eintök/afrit á minnislyklum og/eða í tölvupósti til Héraðsdóms Reykjavíkur. Vinna og kostnaður við fjölföldun hefur því dregist saman. Til skoðunar er að taka þetta verklag upp við fleiri dómstóla.

### Stytting málsmeðferðartíma

Við þá breytingu á skipulagi ákæruvaldsins sem tók gildi 1. janúar 2016 tók embætti héraðssaksóknara við ákæruvaldi í svo til öllum þeim brotaflokkum sem áður voru á hendi ríkissaksóknara, svo sem kynferðisbrotum, stórfelldum fíkniefnabrotum, manndrápum og brotum gegn valdstjórninni. Meðferð þeirra 100 sakamála sem ríkissaksóknari ákvað að færa ekki yfir til hins nýstofnaða embættis héraðssaksóknara 1. janúar 2016 var að mestu lokið á árinu 2016 og endanlega á árinu 2017. Ríkissaksóknari vísar til ársskýrslu héraðssaksóknara 2017 hvað varðar árangur þess embættis við styttingu málsmeðferðartíma við meðferð kynferðisbrota og annarra brota sem áður voru til meðferðar hjá ríkissaksóknara.

Ríkissaksóknari getur ekki haft áhrif á málsmeðferðartímann á áfrýjunarstigi nema að litlu leyti. Þar gæti þó komið til bætt verklag við gerð ágripa/málsgagna. Gerð ágripa dróst verulega á árunum 2013-2016 þegar álagið á embætti ríkissaksóknara var hvað mest. Samkvæmt verklagsreglum ríkissaksóknara, sem settar voru í árslok 2016, er meginreglan sú að málsgögnin á að senda til fjölföldunar frá embætti ríkissaksóknara innan mánaðar frá því að þau berast embættinu frá héraðsdómi. Þetta markmið náðist ekki að fullu á árinu 2017.

Afgreiðslur kærumála á árinu 2017 voru, eins og áður er komið fram, innan þess þriggja mánaða frests sem lög um meðferð sakamála kveða á um. Ríkissaksóknari leggur hins vegar á það áherslu að kærumálum verði lokið eins fljótt og auðið er og að þriggja mánaða afgreiðslutími heyri til undantekninga þegar fram í sækir.

Á árinu 2017 vann ríkissaksóknari að hönnun verkbókhalds fyrir ákærendur við embættið í samvinnu við Advania í því skyni m.a. að auka skilvirkni. Verkbókhald felur í sér að ákærendum ber að halda skrá um þann tíma sem fer í einstök verkefni/verkhluta sem hafa verið skilgreindir í samræmi við þau verkefni sem embætti ríkissaksóknara sinnir.

### Mál í forgangi: Nauðgunarmál, kynferðisofbeldi gegn börnum og ofbeldi í nánum samböndum

Í fyrirmælum ríkissaksóknara nr. 4/2017 er því beint til allra lögreglustjóra og héraðssaksóknara að hraða málum þar sem sakarefni tekur til líkamlegs og kynferðislegs ofbeldis. Í sérstökum forgangi skulu þó vera nauðgunarmál og mál sem varða ofbeldi gagnvart börnum og ofbeldi í nánum samböndum, sem og mál þar sem gerendur eru yngri en 18 ára.

1. janúar og 30. júní ár hvert skulu héraðssaksóknari og lögreglustjórar senda ríkissaksóknara lista yfir stöðu mála og málsmeðferðartíma vegna rannsóknar og ákærumeðferðar í nauðgunarmálum (194. gr. alm. hgl.), alvarlegum kynferðisbrotum gegn börnum (1. mgr. 200. gr., 1. mgr. 201. gr. og 1. mgr. 202. gr. alm. hgl.) og í málum sem varða ofbeldi í nánum samböndum (218. gr. b. alm.hgl.).

Héraðssaksóknari og lögreglustjórar skulu eigi sjaldnar en árlega setja sér markmið um meðferð sakamála, bæði um vönduð og markviss vinnubrögð við rannsóknir einstakra mála og ekki síður um málshraða. Markmiðssetning skal send ríkissaksóknara til samþykktar og bárust þessi gögn frá öllum lögreglustjórum og héraðssaksóknara.

Á árinu 2017 settu 5 lögreglustjórar sér tímasett markmið hvað varðar málsmeðferð, einkum hvað varðar rannsókn og ákærumeðferð þeirra mála sem eru í forgangi skv. fyrirmælum ríkissaksóknara. Um er að ræða embætti lögreglustjórans á Austurlandi, Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra, Vestfjörðum og Vesturlandi. Héraðssaksóknari setti sér einnig tímasett markmið hvað varðar meðferð efnahagsbrota. Önnur embætti settu fram almennari markmið hvað varðar málsmeðferðartíma. Ríkissaksóknari telur ekki tímabært að setja nánari fyrirmæli um málsmeðferðartíma en fram koma í fyrirmælum nr. 4/2017.

# 2. kafli

# Tölulegar upplýsingar

## 2.1 Fjöldi mála og afdrif þeirra

Hér gefur að líta fjölda brota sem afgreidd voru af ákæruvaldinu á árinu 2017, greind eftir brotaflokkum. Vakin er athygli á að um er að ræða afgreidd brot, ekki fjölda kæra. Brotin geta hafa verið kærð til lögreglu fyrir 2017 og þá geta brot sem kærð voru 2017 enn verið óafgreidd af ákæruvaldinu. Fyrsta taflan geymir upplýsingar um heildarfjölda afgreiddra brota í málum á landinu öllu. Á eftir fylgja töflur með tölum um afgreidd brot í málum hjá hverju embætti. Undanskilin eru mál sem afgreidd voru með lögreglustjórasáttum og mál sem vísað var frá eða rannsókn hætt í. Næst koma töflur um samanburð á milli ára að því er varðar heildarfjölda afgreiddra brota og brot afgreidd hjá einstökum embættum. Áréttað er að tölurnar vitna um fjölda brota en í hverju máli geta verið fleiri en eitt brot.

**Skýringar með töflum:**

Niðurfelld mál: Mál er fellt niður þegar ákærandi telur að það sem komið hefur fram við rannsókn sé ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis í dómsmáli á hendur sakborningi, sbr. 145. gr. laga um meðferð sakamála.

Fallið frá saksókn: Þótt ákærandi telji að það sem fram hefur komið við rannsókn sé nægilegt til sakfellis í dómsmáli á hendur sakborningi, hefur hann vissa heimild samkvæmt 146. gr. laga um meðferð sakamála til að láta við svo búið standa og falla frá saksókn.

Ákærufrestun: Þegar aðili hefur játað brot sitt er ákæranda heimilt, samkvæmt 56. gr. almennra hegningarlaga, að fresta um tiltekinn tíma útgáfu ákæru. Á þetta einkum við um brot sem ungmenni á aldrinum 15-21 árs hafa framið.

**Öll mál**

| Allt landið | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ALMENN HEGNINGARLÖG | fjöldi | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % |
| Landráð | 4 | 0 | 0% | 0 | 0% | 4 | 100% | 0 | 0% |
| Brot gegn valdstjórninni | 120 | 89 | 74% | 13 | 11% | 15 | 13% | 3 | 3% |
| Brot á almannafriði og allsherjarreglu | 3 | 1 | 33% | 1 | 33% | 1 | 33% | 0 | 0% |
| Brot í opinberu starfi | 15 | 3 | 20% | 1 | 7% | 11 | 73% | 0 | 0% |
| Rangur framburður og rangar sakargiftir | 12 | 4 | 33% | 1 | 8% | 7 | 58% | 0 | 0% |
| Peningafals og önnur brot er varða gjaldmiðil | 1 | 0 | 0% | 0 | 0% | 1 | 100% | 0 | 0% |
| Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn | 93 | 78 | 84% | 8 | 9% | 4 | 4% | 3 | 3% |
| Brot, sem hafa í för með sér almannahættu | 62 | 39 | 63% | 1 | 2% | 22 | 35% | 0 | 0% |
| Sifskaparbrot | 4 | 4 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Kynferðisbrot | 216 | 93 | 43% | 8 | 4% | 109 | 50% | 6 | 3% |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 490 | 280 | 57% | 20 | 4% | 187 | 38% | 3 | 1% |
| Brot gegn frjálsræði manna | 19 | 5 | 26% | 0 | 0% | 14 | 74% | 0 | 0% |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 199 | 133 | 67% | 4 | 2% | 61 | 31% | 1 | 1% |
| Auðgunarbrot | 1211 | 764 | 63% | 283 | 23% | 147 | 12% | 17 | 1% |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 175 | 118 | 67% | 9 | 5% | 42 | 24% | 6 | 3% |
| SÉRREFSILÖG | | | | | | | | | |
| Skattalög | 131 | 86 | 66% | 2 | 2% | 43 | 33% | 0 | 0% |
| Tollalög | 16 | 15 | 94% | 0 | 0% | 1 | 6% | 0 | 0% |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 665 | 610 | 92% | 9 | 1% | 45 | 7% | 1 | 0% |
| Vopnalög | 85 | 75 | 88% | 1 | 1% | 9 | 11% | 0 | 0% |
| Veiðilög | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Lög um fiskveiðar | 6 | 6 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Lög um siglingar og útgerð | 7 | 7 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Áfengislög | 58 | 50 | 86% | 1 | 2% | 6 | 10% | 1 | 2% |
| Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur | 1376 | 1324 | 96% | 8 | 1% | 42 | 3% | 2 | 0% |
| Ölvunarakstur | 319 | 290 | 91% | 1 | 0% | 28 | 9% | 0 | 0% |
| Fíkniefnaakstur | 729 | 709 | 97% | 1 | 0% | 19 | 3% | 0 | 0% |
| Lyfjaakstur | 24 | 24 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Önnur sérrefsilög | 224 | 151 | 67% | 7 | 3% | 63 | 28% | 3 | 1% |
| ALLS | 6265 | 4959 | 79% | 379 | 6% | 881 | 14% | 46 | 1% |

## Ríkissaksóknari

| ALMENN HEGNINGARLÖG | Alls fjöldi | Ákærur fjöldi | Ákærur % | Fallið frá saksókn fjöldi | Fallið frá saksókn % | Niðurfelld mál fjöldi | Niðurfelld mál % | Ákærufrestun fjöldi | Ákærufrestun % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Landráð | 4 | 0 | 0% | 0 | 0% | 4 | 100 | 0 | 0% |
| Brot, sem hafa í för með sér almannahættu | 3 | 2 | 67% | 0 | 0% | 1 | 33% | 0 | 0% |
| Kynferðisbrot | 7 | 4 | 57% | 0 | 0% | 3 | 43% | 0 | 0% |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 6 | 6 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Auðgunarbrot | 4 | 4 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| **SÉRREFSILÖG** | | | | | | | | | |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 1 | 0 | 0% | 0 | 0% | 1 | 100% | 0 | 0% |
| Önnur sérrefsilög | 4 | 2 | 50% | 0 | 0% | 2 | 50% | 0 | 0% |
| ALLS | 30 | 19 | 63,3 | 0 | 0,0 | 11 | 36,7 | 0 | 0,0 |

## Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

| ALMENN HEGNINGARLÖG | Alls fjöldi | Ákærur fjöldi | Ákærur % | Fallið frá saksókn fjöldi | Fallið frá saksókn % | Niðurfelld mál fjöldi | Niðurfelld mál % | Ákærufrestun fjöldi | Ákærufrestun % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Rangur framburður og rangar sakargiftir | 6 | 3 | 50% | 1 | 17% | 2 | 33% | 0 | 0% |
| Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn | 26 | 24 | 92% | 2 | 8% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Brot, sem hafa í för með sér almannahættu | 1 | 0 | 0% | 0 | 0% | 1 | 100% | 0 | 0% |
| Kynferðisbrot | 3 | 1 | 33% | 2 | 67% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 169 | 100 | 59% | 4 | 2% | 62 | 37% | 3 | 2% |
| Brot gegn frjálsræði manna | 4 | 0 | 0% | 0 | 0% | 4 | 100% | 0 | 0% |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 86 | 61 | 71% | 1 | 1% | 24 | 28% | 0 | 0% |
| Auðgunarbrot | 918 | 595 | 65% | 253 | 28% | 53 | 6% | 17 | 2% |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 84 | 57 | 68% | 9 | 11% | 13 | 15% | 5 | 6% |
| **SÉRREFSILÖG** | | | | | | | | | |
| Tollalög | 12 | 11 | 92% | 0 | 0% | 1 | 8% | 0 | 0% |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 409 | 388 | 95% | 8 | 2% | 13 | 3% | 0 | 0% |
| Vopnalög | 54 | 52 | 96% | 1 | 2% | 1 | 2% | 0 | 0% |
| Lög um siglingar og útgerð | 3 | 3 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Áfengislög | 28 | 27 | 96% | 0 | 0% | 1 | 4% | 0 | 0% |
| Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur | 752 | 733 | 97% | 7 | 1% | 11 | 1% | 1 | 0% |
| Ölvunarakstur | 166 | 156 | 94% | 1 | 1% | 9 | 5% | 0 | 0% |
| Fíkniefnaakstur | 445 | 442 | 99% | 1 | 0% | 2 | 0% | 0 | 0% |
| Lyfjaakstur | 10 | 10 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Önnur sérrefsilög | 66 | 54 | 82% | 3 | 5% | 8 | 12% | 1 | 2% |
| ALLS | 3242 | 2717 | 83,8 | 293 | 9,0 | 205 | 6,3 | 27 | 0,8 |

## Lögreglustjórinn á Vesturlandi

| ALMENN HEGNINGARLÖG | Alls fjöldi | Ákærur fjöldi | Ákærur % | Fallið frá saksókn fjöldi | Fallið frá saksókn % | Niðurfelld mál fjöldi | Niðurfelld mál % | Ákærufrestun fjöldi | Ákærufrestun % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kynferðisbrot | 1 | 0 | 0% | 0 | 0% | 1 | 100% | 0 | 0% |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 14 | 11 | 79% | 1 | 7% | 2 | 14% | 0 | 0% |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 1 | 0 | 0% | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Auðgunarbrot | 3 | 2 | 67% | 1 | 33% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 3 | 3 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| **SÉRREFSILÖG** | | | | | | | | | |
| Tollalög | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lög um ávana- og fíkniefni | 9 | 9 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Lög um fiskveiðar | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur | 57 | 53 | 93% | 0 | 0% | 4 | 7% | 0 | 0% |
| Ölvunarakstur | 13 | 13 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Fíkniefnaakstur | 10 | 9 | 90% | 0 | 0% | 1 | 10% | 0 | 0% |
| Önnur sérrefsilög | 4 | 2 | 50% | 0 | 0% | 2 | 50% | 0 | 0% |
| ALLS | 117 | 104 | 88,9 | 3 | 2,6 | 10 | 8,5 | 0 | 0,0 |

## Lögreglustjórinn á Vestfjörðum

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ALMENN HEGNINGARLÖG | fjöldi | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % |
| Brot gegn valdstjórninni | 2 | 0 | 0% | 0 | 0% | 2 | 100% | 0 | 0% |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 2 | 1 | 50% | 0 | 0% | 1 | 50% | 0 | 0% |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Auðgunarbrot | 3 | 3 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 3 | 2 | 67% | 0 | 0% | 0 | 0% | 1 | 33% |
| SÉRREFSILÖG | | | | | | | | | |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 8 | 7 | 88% | 0 | 0% | 1 | 13% | 0 | 0% |
| Veiðilög | 1 | 0 | 0% | 0 | 0% | 1 | 100% | 0 | 0% |
| Lög um fiskveiðar | 4 | 4 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Lög um siglingar og útgerð | 3 | 3 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur | 22 | 20 | 91% | 0 | 0% | 2 | 9% | 0 | 0% |
| Ölvunarakstur | 10 | 8 | 80% | 0 | 0% | 2 | 20% | 0 | 0% |
| Fíkniefnaakstur | 10 | 10 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| ALLS | 69 | 59 | 85,5 | 0 | 0,0 | 9 | 13,0 | 1 | 1,4 |

## Lögreglustjórinn á Norðurlands vestra

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ALMENN HEGNINGARLÖG | fjöldi | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % |
| Rangur framburður og rangar sakargiftir | 2 | 0 | 0% | 0 | 0% | 2 | 100% | 0 | 0% |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 3 | 1 | 33% | 0 | 0% | 2 | 67% | 0 | 0% |
| Auðgunarbrot | 4 | 3 | 75% | 1 | 25% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 5 | 5 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| SÉRREFSILÖG | | | | | | | | | |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 9 | 9 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Áfengislög | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur | 45 | 45 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Ölvunarakstur | 8 | 8 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Fíkniefnaakstur | 3 | 3 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Önnur sérrefsilög | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| ALLS | 81 | 76 | 93,8 | 1 | 1,2 | 4 | 4,9 | 0 | 0,0 |

## Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ALMENN HEGNINGARLÖG | fjöldi | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % |
| Brot á almannafriði og allsherjarreglu | 1 | 0 | 0% | 0 | 0% | 1 | 100% | 0 | 0% |
| Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn | 3 | 0 | 0% | 0 | 0% | 3 | 100% | 0 | 0% |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 33 | 18 | 55% | 2 | 6% | 13 | 39% | 0 | 0% |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 21 | 8 | 38% | 1 | 5% | 12 | 57% | 0 | 0% |

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Auðgunarbrot | 59 | 38 | 64% | 0 | 0% | 21 | 36% | 0 | 0% |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 12 | 5 | 42% | 0 | 0% | 7 | 58% | 0 | 0% |
| **SÉRREFSILÖG** | | | | | | | | | |
| Tollalög | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 72 | 59 | 82% | 0 | 0% | 13 | 18% | 0 | 0% |
| Vopnalög | 12 | 9 | 75% | 0 | 0% | 3 | 25% | 0 | 0% |
| Veiðilög | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Lög um fiskveiðar | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Lög um siglingar og útgerð | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Áfengislög | 10 | 9 | 90% | 0 | 0% | 1 | 10% | 0 | 0% |
| Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur | 177 | 171 | 97% | 1 | 1% | 5 | 3% | 0 | 0% |
| Ölvunarakstur | 29 | 15 | 52% | 0 | 0% | 14 | 48% | 0 | 0% |
| Fíkniefnaakstur | 73 | 67 | 92% | 0 | 0% | 6 | 8% | 0 | 0% |
| Lyfjaakstur | 9 | 9 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Önnur sérrefsilög | 32 | 27 | 84% | 0 | 0% | 5 | 16% | 0 | 0% |
| ALLS | 547 | 439 | 80 | 4 | 0,7 | 104 | 19,0 | 0 | 0,0 |

## Lögreglustjórinn á Austurlandi

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ALMENN HEGNINGARLÖG** | fjöldi | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % |
| Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 19 | 9 | 47% | 4 | 21% | 6 | 32% | 0 | 0% |
| Brot gegn frjálsræði manna | 5 | 0 | 0% | 0 | 0% | 5 | 100% | 0 | 0% |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 2 | 2 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Auðgunarbrot | 2 | 2 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 1 | 0 | 0% | 0 | 0% | 1 | 100% | 0 | 0% |
| **SÉRREFSILÖG** | | | | | | | | | |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 12 | 12 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Vopnalög | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur | 18 | 18 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Ölvunarakstur | 7 | 6 | 86% | 0 | 0% | 1 | 14% | 0 | 0% |
| Fíkniefnaakstur | 8 | 8 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Önnur sérrefsilög | 3 | 3 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| ALLS | 79 | 62 | 78,5 | 4 | 5,1 | 13 | 16,5 | 0 | 0,0 |

## Lögreglustjórinn á Suðurlandi

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ALMENN HEGNINGARLÖG** | fjöldi | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % |
| Brot gegn valdstjórninni | 2 | 0 | 0% | 0 | 0% | 2 | 100% | 0 | 0% |
| Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn | 5 | 5 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 32 | 20 | 63% | 0 | 0% | 12 | 38% | 0 | 0% |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 22 | 20 | 91% | 0 | 0% | 2 | 9% | 0 | 0% |
| Auðgunarbrot | 43 | 32 | 74% | 0 | 0% | 11 | 26% | 0 | 0% |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 13 | 10 | 77% | 0 | 0% | 3 | 23% | 0 | 0% |
| **SÉRREFSILÖG** | | | | | | | | | |
| Tollalög | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 33 | 29 | 88% | 0 | 0% | 4 | 12% | 0 | 0% |
| Vopnalög | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Áfengislög | 3 | 3 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur | 124 | 123 | 99% | 0 | 0% | 1 | 1% | 0 | 0% |
| Ölvunarakstur | 44 | 44 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Fíkniefnaakstur | 58 | 58 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Lyfjaakstur | 3 | 3 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Önnur sérrefsilög | 15 | 9 | 60% | 0 | 0% | 6 | 40% | 0 | 0% |
| ALLS | 399 | 358 | 89,7 | 0 | 0,0 | 41 | 10,3 | 0 | 0,0 |

## Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ALMENN HEGNINGARLÖG | fjöldi | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 19 | 12 | 63% | 1 | 5% | 6 | 32% | 0 | 0% |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 8 | 6 | 75% | 0 | 0% | 2 | 25% | 0 | 0% |
| Auðgunarbrot | 9 | 8 | 89% | 0 | 0% | 1 | 11% | 0 | 0% |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 12 | 10 | 83% | 0 | 0% | 2 | 17% | 0 | 0% |
| SÉRREFSILÖG | | | | | | | | | |
| Tollalög | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 19 | 15 | 79% | 0 | 0% | 4 | 21% | 0 | 0% |
| Vopnalög | 2 | 2 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Áfengislög | 3 | 3 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur | 22 | 22 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Ölvunarakstur | 5 | 5 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Fíkniefnaakstur | 9 | 7 | 78% | 0 | 0% | 2 | 22% | 0 | 0% |
| Lyfjaakstur | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Önnur sérrefsilög | 2 | 2 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| ALLS | 112 | 94 | 83,9 | 1 | 0,9 | 17 | 15,2 | 0 | 0,0 |

## Lögreglustjórinn á Suðurnesjum

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ALMENN HEGNINGARLÖG | fjöldi | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % |
| Brot gegn valdstjórninni | 2 | 2 | | 0 | | 0 | | 0 | |
| Rangur framburður og rangar sakargiftir | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn | 58 | 48 | 83% | 6 | 10% | 1 | 2% | 3 | 5% |
| Brot, sem hafa í för með sér almannahættu | 2 | 0 | 0% | 0 | 0% | 2 | 100% | 0 | 0% |
| Kynferðisbrot | 2 | 1 | 50% | 0 | 0% | 1 | 50% | 0 | 0% |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 76 | 27 | 36% | 6 | 8% | 43 | 57% | 0 | 0% |
| Brot gegn frjálsræði manna | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 27 | 12 | 44% | 0 | 0% | 14 | 52% | 1 | 4% |
| Auðgunarbrot | 93 | 50 | 54% | 25 | 27% | 18 | 19% | 0 | 0% |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 23 | 12 | 52% | 0 | 0% | 11 | 48% | 0 | 0% |
| SÉRREFSILÖG | | | | | | | | | |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 76 | 69 | 91% | 1 | 1% | 5 | 7% | 1 | 1% |
| Vopnalög | 9 | 8 | 89% | 0 | 0% | 1 | 11% | 0 | 0% |
| Áfengislög | 6 | 6 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur | 127 | 111 | 87% | 0 | 0% | 16 | 13% | 0 | 0% |
| Ölvunarakstur | 27 | 26 | 96% | 0 | 0% | 1 | 4% | 0 | 0% |
| Fíkniefnaakstur | 107 | 99 | 93% | 0 | 0% | 8 | 7% | 0 | 0% |
| Önnur sérrefsilög | 29 | 22 | 76% | 2 | 7% | 3 | 10% | 2 | 7% |
| ALLS | 666 | 495 | 74,3 | 40 | 6,0 | 124 | 18,6 | 7 | 1,1 |

## Héraðssaksóknari

| ALMENN HEGNINGARLÖG | Alls fjöldi | Ákærur fjöldi | Ákærur % | Fallið frá saksókn fjöldi | Fallið frá saksókn % | Niðurfelld mál fjöldi | Niðurfelld mál % | Ákærufrestun fjöldi | Ákærufrestun % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Brot gegn valdstjórninni | 114 | 87 | 76% | 13 | 11% | 11 | 10% | 3 | 3% |
| Brot á almannafriði og allsherjarreglu | 2 | 1 | 50% | 1 | 50% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Brot í opinberu starfi | 15 | 3 | 20% | 1 | 7% | 11 | 73% | 0 | 0% |
| Rangur framburður og rangar sakargiftir | 3 | 0 | 0% | 0 | 0% | 3 | 100% | 0 | 0% |
| Peningafals og önnur brot er varða gjaldmiðil | 1 | 0 | 0% | 0 | 0% | 1 | 100% | 0 | 0% |
| Brot, sem hafa í för með sér almannahættu | 56 | 37 | 66% | 1 | 2% | 18 | 32% | 0 | 0% |
| Sifskaparbrot | 4 | 4 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Kynferðisbrot | 203 | 87 | 43% | 6 | 3% | 104 | 51% | 6 | 3% |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 117 | 75 | 64% | 2 | 2% | 40 | 34% | 0 | 0% |
| Brot gegn frjálsræði manna | 9 | 4 | 44% | 0 | 0% | 5 | 56% | 0 | 0% |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 31 | 23 | 74% | 1 | 3% | 7 | 23% | 0 | 0% |
| Auðgunarbrot | 73 | 27 | 37% | 3 | 4% | 43 | 59% | 0 | 0% |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 18 | 13 | 72% | 0 | 0% | 5 | 28% | 0 | 0% |
| **SÉRREFSILÖG** | | | | | | | | | |
| Skattalög | 131 | 86 | 66% | 2 | 2% | 43 | 33% | 0 | 0% |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 18 | 13 | 72% | 0 | 0% | 5 | 28% | 0 | 0% |
| Vopnalög | 6 | 2 | 33% | 0 | 0% | 4 | 67% | 0 | 0% |
| Áfengislög | 7 | 1 | 14% | 1 | 14% | 4 | 57% | 1 | 14% |
| Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur | 32 | 28 | 88% | 0 | 0% | 3 | 9% | 1 | 3% |
| Ölvunarakstur | 10 | 9 | 90% | 0 | 0% | 1 | 10% | 0 | 0% |
| Fíkniefnaakstur | 6 | 6 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Lyfjaakstur | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Önnur sérrefsilög | 68 | 29 | 43% | 2 | 3% | 37 | 54% | 0 | 0% |
| ALLS | 925 | 536 | 57,9 | 33 | 3,6 | 345 | 37,3 | 11 | 1,2 |

## Öll mál

| Ár | Fjöldi alls | Ákærur | % | Fallið frá saksókn | % | Niðurfelld mál | % | Ákæru-frestun | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2013 | 5968 | 4547 | 76 | 389 | 7 | 960 | 16 | 72 | 1 |
| 2014 | 5070 | 3730 | 74 | 379 | 7 | 898 | 18 | 63 | 1 |
| 2015 | 5111 | 3883 | 76 | 326 | 6 | 835 | 16 | 67 | 1 |
| 2016 | 6777 | 5620 | 83 | 274 | 4 | 830 | 12 | 53 | 1 |
| 2017 | 6265 | 4959 | 79 | 379 | 6 | 881 | 14 | 46 | 1 |

## Ríkissaksóknari

| Ár | Fjöldi alls | Ákærur | % | Fallið frá saksókn | % | Niðurfelld mál | % | Ákæru-frestun | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2013 | 1068 | 716 | 67 | 11 | 1 | 337 | 32 | 4 | 0 |
| 2014 | 867 | 569 | 66 | 26 | 3 | 267 | 31 | 5 | 1 |
| 2015 | 784 | 449 | 57 | 13 | 2 | 312 | 40 | 7 | 1 |
| 2016 | 147 | 80 | 54 | 3 | 2 | 57 | 39 | 7 | 5 |
| 2017 | 30 | 19 | 63 | 0 | 0 | 11 | 37 | 0 | 0 |

## Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

| Ár | Fjöldi alls | Ákærur | % | Fallið frá saksókn | % | Niðurfelld mál | % | Ákæru-frestun | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2013 | 2690 | 1994 | 74 | 329 | 12 | 319 | 12 | 48 | 2 |
| 2014 | 2483 | 1831 | 74 | 301 | 12 | 299 | 12 | 52 | 2 |
| 2015 | 2354 | 1879 | 80 | 252 | 11 | 194 | 8 | 29 | 1 |
| 2016 | 3984 | 3512 | 88 | 199 | 5 | 247 | 6 | 26 | 1 |
| 2017 | 3242 | 2717 | 84 | 293 | 9 | 205 | 6 | 27 | 1 |

## Lögreglustjórinn á Vesturlandi

| Ár | Fjöldi alls | Ákærur | % | Fallið frá saksókn | % | Niðurfelld mál | % | Ákæru-frestun | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2014 | 88 | 87 | 99 | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 2015 | 148 | 143 | 97 | 2 | 1 | 2 | 1 | 1 | 1 |
| 2016 | 101 | 87 | 86 | 0 | 0 | 14 | 14 | 0 | 0 |
| 2017 | 117 | 104 | 89 | 3 | 3 | 10 | 9 | 0 | 0 |

## Lögreglustjórinn á Vestfjörðum

| Ár | Fjöldi alls | Ákærur | % | Fallið frá saksókn | % | Niðurfelld mál | % | Ákæru-frestun | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2013 | 104 | 74 | 71 | 4 | 4 | 25 | 24 | 1 | 1 |
| 2014 | 137 | 71 | 52 | 2 | 1 | 64 | 47 | 0 | 0 |
| 2015 | 144 | 110 | 76 | 2 | 1 | 25 | 17 | 7 | 5 |
| 2016 | 60 | 49 | 82 | 0 | 0 | 8 | 13 | 3 | 5 |
| 2017 | 69 | 59 | 86 | 0 | 0 | 9 | 13 | 1 | 1 |

## Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra

| Ár | Fjöldi alls | Ákærur | % | Fallið frá saksókn | % | Niðurfelld mál | % | Ákæru-frestun | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2014 | 8 | 8 | 100 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 2015 | 48 | 35 | 73 | 1 | 2 | 12 | 25 | 0 | 0 |
| 2016 | 68 | 60 | 88 | 0 | 0 | 4 | 6 | 4 | 6 |
| 2017 | 81 | 76 | 94 | 1 | 1 | 4 | 5 | 0 | 0 |

## Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra

| Ár | Fjöldi alls | Ákærur | % | Fallið frá saksókn | % | Niðurfelld mál | % | Ákæru-frestun | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2014 | 201 | 196 | 98 | 0 | 0 | 5 | 2 | 0 | 0 |
| 2015 | 293 | 218 | 74 | 22 | 8 | 43 | 15 | 10 | 3 |
| 2016 | 576 | 480 | 83 | 8 | 1 | 83 | 14 | 5 | 1 |
| 2017 | 547 | 439 | 80 | 4 | 1 | 104 | 19 | 0 | 0 |

## Lögreglustjórinn á Austurlandi

| Ár | Fjöldi alls | Ákærur | % | Fallið frá saksókn | % | Niðurfelld mál | % | Ákæru-frestun | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2014 | 32 | 31 | 97 | 0 | 0 | 1 | 3 | 0 | 0 |
| 2015 | 61 | 43 | 70 | 5 | 8 | 10 | 16 | 3 | 5 |
| 2016 | 62 | 42 | 68 | 12 | 19 | 8 | 13 | 0 | 0 |
| 2017 | 79 | 62 | 78 | 4 | 5 | 13 | 16 | 0 | 0 |

## Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum

| Ár | Fjöldi alls | Ákærur | % | Fallið frá saksókn | % | Niðurfelld mál | % | Ákæru-frestun | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2013 | 101 | 90 | 89 | 0 | 0 | 11 | 11 | 0 | 0 |
| 2014 | 66 | 44 | 67 | 8 | 12 | 14 | 21 | 0 | 0 |
| 2015 | 132 | 117 | 89 | 0 | 0 | 13 | 10 | 2 | 2 |
| 2016 | 108 | 90 | 83 | 1 | 1 | 16 | 15 | 1 | 1 |
| 2017 | 112 | 94 | 84 | 1 | 1 | 17 | 15 | 0 | 0 |

## Lögreglustjórinn á Suðurlandi

| Ár | Fjöldi alls | Ákærur | % | Fallið frá saksókn | % | Niðurfelld mál | % | Ákæru-frestun | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2014 | 125 | 121 | 97 | 1 | 1 | 3 | 2 | 0 | 0 |
| 2015 | 670 | 558 | 83 | 16 | 2 | 89 | 13 | 7 | 1 |
| 2016 | 622 | 505 | 81 | 12 | 2 | 104 | 17 | 1 | 0 |
| 2017 | 399 | 358 | 90 | 0 | 0 | 41 | 10 | 0 | 0 |

## Lögreglustjórinn á Suðurnesjum

| Ár | Fjöldi alls | Ákærur | % | Fallið frá saksókn | % | Niðurfelld mál | % | Ákæru-frestun | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2013 | 458 | 357 | 78 | 20 | 4 | 81 | 18 | 0 | 0 |
| 2014 | 271 | 207 | 76 | 20 | 7 | 44 | 16 | 0 | 0 |
| 2015 | 294 | 212 | 72 | 13 | 4 | 68 | 23 | 1 | 0 |
| 2016 | 406 | 334 | 82 | 22 | 5 | 50 | 12 | 0 | 0 |
| 2017 | 666 | 495 | 74 | 40 | 6 | 124 | 19 | 7 | 1 |

## Sérstakur saksóknari / Héraðssaksóknari

| Ár | Fjöldi alls | Ákærur | % | Fallið frá saksókn | % | Niðurfelld mál | % | Ákæru-frestun | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2013 | 163 | 119 | 73 | 0 | 0 | 44 | 27 | 0 | 0 |
| 2014 | 237 | 175 | 74 | 3 | 4 | 59 | 25 | 0 | 0 |
| 2015 | 186 | 119 | 64 | 0 | 0 | 67 | 36 | 0 | 0 |
| 2016 | 643 | 381 | 59 | 17 | 29 | 239 | 37 | 6 | 16 |
| 2017 | 925 | 536 | 58 | 33 | 57 | 345 | 37 | 11 | 29 |

## 2.2. Ákærðir

Alls sættu 2286 (2307 )einstaklingar og 21 fyrirtæki ákæru á árinu. Eftirfarandi er skipting ákærðra eftir kyni, aldri og ríkisfangi.

| Ríkisfang | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Afganistan | 7 | Grænhöfðaeyjar | 1 | Króatía | 1 | Rússland | 4 |
| Albanía | 47 | Grænland | 5 | Lettland | 27 | Serbía | 1 |
| Alsír | 3 | Holland | 9 | Litháen | 77 | Slóvakía | 5 |
| Bandaríkin | 17 | Hondúras | 1 | Makedónía | 4 | Sómalía | 5 |
| Bosnía og Hersegóvína | 1 | Hvíta-Rússland | 3 | Malí | 1 | Spánn | 7 |
| Brasilía | 2 | Indland | 2 | Marokkó | 4 | Srí Lanka | 3 |
| Bretland | 9 | Írak | 6 | Nígería | 2 | Svíþjóð | 2 |
| Búlgaría | 3 | Íran | 3 | Noregur | 3 | Sýrland | 5 |
| Danmörk | 2 | Írland | 3 | Pakistan | 3 | Taíland | 3 |
| Erítrea | 1 | Ísland | 1784 | Palestína | 2 | Tékkland | 2 |
| Eþíópía | 1 | Ítalía | 3 | Perú | 3 | Túnis | 2 |
| Filippseyjar | 2 | Jemen | 1 | Portúgal | 5 | Ungverjaland | 1 |
| Frakkland | 7 | Kanada | 3 | Pólland | 144 | Úkraína | 3 |
| Gana | 1 | Kenía | 1 | Púertó Ríkó | 1 | Víetnam | 5 |
| Georgía | 32 | Kosovo | 1 | Ríkisfangslaus | 3 | Þýskaland | 7 |
| Grikkland | 1 | Kólumbía | 1 | Rúmenía | 9 | | 2307 |

Hér að ofan er að finna yfirlit yfir ríkisfang þeirra sem sættu ákæru á árinu. Einstaklingar eru ekki tvítaldir þótt þeir komi við sögu í fleiri en einu málsnúmeri.

| Aldur | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Hlutfall | Karlar | Hlutfall | Konur | Hlutfall |
| 14-19 ára | 251 | 11,0 | 188 | 10,1 | 64 | 15,2 |
| 20-24 ára | 409 | 17,9 | 322 | 17,3 | 86 | 20,4 |
| 25-29 ára | 388 | 17,0 | 325 | 17,4 | 63 | 15,0 |
| 30-34 ára | 347 | 15,2 | 289 | 15,5 | 58 | 13,8 |
| 35-39 ára | 256 | 11,2 | 215 | 11,5 | 41 | 9,7 |
| 40-44 ára | 197 | 8,6 | 159 | 8,5 | 38 | 9,0 |
| 45-49 ára | 132 | 5,8 | 108 | 5,8 | 24 | 5,7 |
| 50-54 ára | 111 | 4,9 | 97 | 5,2 | 14 | 3,3 |
| 55-59 ára | 95 | 4,2 | 79 | 4,2 | 16 | 3,8 |
| 60-69 ára | 76 | 3,3 | 66 | 3,5 | 10 | 2,4 |
| 70 ára og eldri | 24 | 1,0 | 17 | 0,9 | 7 | 1,7 |
| Alls | 2286 | 100,0 | 1865 | 100,0 | 421 | 100,0 |

| Kyn | | |
|---|---|---|
| | Fjöldi | Hlutfall |
| Karl | 1865 | 80,8 |
| Kona | 421 | 18,2 |
| Fyrirtæki | 21 | 0,9 |
| Alls | 2307 | 100,0 |

## 2.3. Einstakir brotaflokkar

Hér að neðan er að finna yfirlit yfir afdrif mála er varða manndráp, stórfelldar líkamsmeiðingar, stórfelld fíkniefnabrot og kynferðisbrot, sem bárust héraðssaksóknara árið 2017 og er miðað við stöðu málanna um áramót 2017-2018. Til samanburðar eru einnig tölur vegna mála sem bárust ríkissaksóknara árin 2013 til 2016. Það athugist að eitt mál kann að varða fleiri en eitt brot. Sömuleiðis kann ákæra að varða fleiri en eitt brot. Þess er sérstaklega getið ef fleiri en eitt mál eru sett saman í ákæru.

**Manndráp, tilraun til manndráps ( 211. gr. og 211. gr. sbr. 20. gr. alm. hgl.)**

| | Gr. | Alls | Niðurfellt | | Ákært | | Sýknað í héraðsdómi | | Sakfellt í héraðsdómi | | Áfrýjað | Sýknað í Hæsta-rétti | Sakfellt í Hæsta-rétti | Ódæmt í Hæsta rétti | Óafgr. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| 2013 | | 2 | 0 | 0 | 2 | 100 | 1 | 50 | 1 | 50 | 2 | 1 | 1 | 0 | 0 |
| 2013 | sbr. 20. | 4 | 0 | 0 | 4 | 100 | 2 | 50 | 2 | 50 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 2014 | sbr. 20. | 6 | 0 | 0 | 6 | 100 | 1 | 17 | 5 | 83 | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 |
| 2015 | | 4 | 0 | 0 | 4 | 100 | 2 | 50 | 2 | 50 | 2 | 0 | 2 | 0 | 0 |
| 2015 | sbr. 20. | 3 | 1 | 33 | 2 | 67 | 0 | 0 | 2 | 67 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 2016 | sbr. 20. | 5 | 0 | 0 | 5 | 100 | 2 | 40 | 3 | 60 | 2 | 0 | 1 | 1 | 0 |
| 2017 | | 3 | 0 | 0 | 2 | 67 | 0 | 0 | 1 | 33 | 1 | 0 | 0 | 1 | 0 |
| 2017 | sbr. 20. | 8 | 0 | 0 | 7 | 88 | 0 | 0 | 5 | 63 | 2 | 0 | 1 | 0 | 0 |

Á árinu 2013 bárust sex mál sem talin voru varða við 211. gr. alm. hgl. Eitt brot var fullframið og var ákærði dæmdur í 16 ára fangelsi í héraði, var dóminum áfrýjað. Hæstiréttur staðfesti dóm héraðsdóms. Ákært var fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. alm. hgl., í einu máli sem lögreglan hafði heimfært undir 211. gr. alm. hgl. Var sýknað í því máli í héraði og er það í áfrýjun. Fjögur mál vörðuðu tilraunabrot og var ákært í þeim öllum og var sami aðili ákærður í tveimur þeirra. Voru öll málin dæmd í héraði fyrir áramót, eitt málið var heimfært undir 2. mgr. 218. gr. alm. hgl.

Á árinu 2014 bárust sex mál er vörðuðu við 211. gr. alm. hgl. Allt voru þetta tilraunabrot. Búið er að gefa út ákæru í öllum málunum. Sýknað var af refsikröfu, en dæmd öryggisgæsla í einu málinu og sakfellt í fimm málum. Þrjú málanna voru heimfærð undir 2. mgr. 218. gr. alm. hgl. í niðurstöðu héraðsdóms. Tveimur málum var áfrýjað og var sakfelling staðfest í öðru, en í hinu var staðfest öryggisgæsla.

Á árinu 2015 bárust sjö mál er vörðuðu við 211. gr. alm. hgl. Fjögur brotanna voru fullframin. Tveir dómfelldu voru sýknaðir af kröfu ákæruvaldsins, en gert að sæta öryggisgæslu. Öðru því máli var áfrýjað og var dæmd öryggisgæsla staðfest. Tvö málanna voru tilraunabrot. Í einu máli var ákært fyrir 211. gr. sbr. 20., en það mál var heimfært undir 2. mgr. 218. gr. alm. hgl. fyrir dómi.

Á árinu 2016 bárust embætti héraðssaksóknara fimm mál er vörðuðu við 211. gr. alm. hgl. Voru þetta allt tilraunabrot. Ákært var í þeim öllum. Sakfellt var í þremur málum og þar af var sakborningur í einu máli sviptur lögræði í tvö ár. Sýknað var í tveimur málum.

Á árinu 2017 bárust embætti héraðssaksóknara 11 mál er vörðuðu við 211. gr. alm. hgl. Eitt málanna sem barst og var talið varða við 211. gr. alm. hgl. var afgreitt sem brot gegn 2. mgr. 218. gr. alm. hgl. Ákært var í tveimur málum fyrir brot gegn 211 gr. Sakfellt var í öðru málinu og var því áfrýjað en hitt er ódæmt um áramót 2017-2018. Sjö málanna sem bárust voru skráð sem tilraunabrot við meðferð hjá lögreglu, þ.e. brot gegn 211. gr. sbr. 20. gr. alm hgl., en í einu þeirra var síðan ákært fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. Í einu þessara sjö mála var líka ákært fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. b.(heimilisofbeldi). Var það ódæmt um áramót. Í einu málanna sem varðaði tilraunabrot voru tveir sakborningar. Var annar aðilinn ákærður fyrir 211. sbr. 20. gr. alm. hgl. Var sakfellt í málinu í héraðsdómi og því áfrýjað til Hæstaréttar sem staðfesti dóminn. Hinn aðilinn var ákærður fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. alm. hgl. og var hann sakfelldur í héraði, en áfrýjaði ekki. Í einu máli þar sem sakborningur áfrýjaði sakfellingardómi héraðsdóms heimvísaði Hæstiréttur málinu.

| Líkamsárás (2. mgr. 218 gr. alm. hgl.) | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Alls | Niðurfellt | | Ákært | | Sýknað í héraðsdómi | | Sakfellt í héraðsdómi | | Áfrýjað | Sýknað í Hæstarétti | Sakfellt í Hæstarétti | Ódæmt í Hæstarétti | Óafgr. |
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| 2013 | 68 | 11 | 16 | 52 | 76 | 8 | 12 | 44 | 65 | 9 | 1 | 6 | 0 | 0 |
| 2014 | 55 | 2 | 4 | 51 | 93 | 5 | 9 | 43 | 78 | 9 | 3 | 6 | 0 | 0 |
| 2015 | 51 | 9 | 18 | 38 | 75 | 5 | 10 | 33 | 65 | 3 | 0 | 2 | 1 | 0 |
| 2016 | 47 | 6 | 13 | 32 | 68 | 1 | 2 | 23 | 49 | 5 | 0 | 0 | 4 | 8 |
| 2017 | 49 | 1 | 2 | 13 | 27 | 1 | 2 | 8 | 16 | 1 | 0 | 0 | 1 | 32 |

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 2. mgr. 218. gr. alm. hgl. og bárust ríkissaksóknara undanfarin þrjú ár og embætti héraðssaksóknara árin 2016 og 2017. Hér er um að ræða líkamsárásir sem af hlýst stórfellt líkams- eða heilsutjón eða líkamsárásir sem taldar eru sérstaklega hættulegar vegna þeirrar aðferðar sem notuð er.

Árið 2013 bárust 68 mál þar sem brot var talið varða við 2. mgr. 218 gr. alm. hgl. Ákærur hafa verið gefnar út í 52 málum og 11 mál felld niður. Þrjú mál bárust sem lögreglustjórar töldu varða við 2. mgr. 218. gr. alm. hgl., en reyndust varða við 217. gr. alm. hgl. Tvö þeirra voru endursend viðkomandi embætti til meðferðar, en ákært var í einu hjá ríkissaksóknara.

Árið 2014 bárust 55 mál þar sem brot var talið varða við 2. mgr. 218. gr. alm. hgl.  Eitt mál kom sem 2. mgr. 218. gr. alm. hgl., en varðaði 1. mgr. 218. gr. alm. hgl., og var því endursent viðkomandi embætti.  Eitt mál var sent í sáttamiðlun. Ákært var í 51 máli fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. alm. hgl., en í einu máli var ákært fyrir 1. mgr. 218. gr. alm. hgl.  Í fimm málum þar sem ákært var fyrir 2. mgr. 218. gr. alm. hgl. var brotið heimfært undir 217. gr. alm. hgl., og í tveimur málum þar sem ákært var fyrir 2. mgr. 218. gr. alm. hgl., var brotið heimfært undir 1. mgr. 218. gr. alm. hgl.  Tvö mál voru felld niður. Ein ákæra var afturkölluð og ein ákæra var endursend ríkissaksóknara þar sem ákærði býr erlendis. Eitt mál er ódæmt í héraði.

Á árinu 2015 bárust 51 mál þar sem brot var talið varða við 2. mgr. 218. gr. alm. hgl. Þrjú mál voru endursend þar sem þau vörðuðu við 1. mgr. 218. gr. alm. hgl. Níu mál voru felld niður.  Í einu máli sem kom sem 2. mgr. 218. gr. alm. hgl var gefin út ákæra fyrir 217. gr. alm. hgl.  Ákæra var gefin út í 38 málum. Sakfellt var í 33 málum en sýknað í fimm. Í einu máli voru þrír ákærðir, voru tveir sakfelldir en einn sýknaður. Þremur málum var áfrýjað til Hæstaréttar og var sakfellt í tveimur og eitt er ódæmt í Landsrétti um áramótin 2017-2018.  Einu máli var lokið með sáttamiðlun.

Á árinu 2016 bárust héraðssaksóknara 47 mál þar sem brot var talið varða við 2. mgr. 218. gr. alm. hgl.  Eitt mál var endursent til heimfærslu fyrir 217. gr. alm. hgl. Sex mál hafa verið felld niður. Í einu máli sem var fellt niður voru tveir aðilar kærðir og í tveim málum voru þrír aðilar kærðir. Gefnar hafa verið út ákærur í 38 málum, í einu máli voru tveir ákærðir, er því máli ólokið. Í einu máli voru fimm aðilar kærðir, fellt var niður á þrjá og ákæra gefin út á tvo, er það ódæmt.  Um áramótin 2017-2018 voru átta mál ódæmd í héraðsdómi og afgreiðslu átta mála var ólokið.

Á árinu 2017 bárust héraðssaksóknara 51 mál er voru talin varða við 2. mgr. 218. gr. alm. hgl. Ákært hefur verið í 13 af þeim málum og sakfellt í átta, sýknað var í einu máli og eru fjögur ódæmd. Einu máli var áfrýjað og er það ódæmt í Landsrétti. Eitt mál hefur verið fellt niður. Eitt mál sem talið var varða við 2. mgr. 218. gr. alm. hgl. varðaði við 252. gr. alm. hgl. (rán).  Eitt mál varðaði við 1. mgr. 218. gr. alm. hgl. og var það endursent viðkomandi embætti til afgreiðslu.  Tvö málanna vörðuðu 218. gr. b. alm. hgl. (heimilisofbeldi) og hefur verið ákært í þeim og sakfellt í öðru, hitt er ódæmt.  Eitt mál varðaði 217. gr. alm. hgl. og hefur verið ákært í því og sakfellt.  Um áramót voru 32 mál óafgreidd.

| Fíkniefnabrot (173 gr. a. alm. hgl.) | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Alls | Niðurfellt | | Ákært | | Sýknað í héraðsdómi | | Sakfellt í héraðsdómi | | Áfrýjað | Sýknað í Hæsta-rétti | Sakfellt í Hæsta-rétti | Ódæmt í Hæsta-rétti | Óafgr. |
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| 2013 | 13 | 0 | 0 | 11 | 85 | 0 | 0 | 11 | 85 | 3 | 0 | 3 | 0 | 0 |
| 2014 | 4 | 0 | 0 | 4 | 100 | 0 | 0 | 3 | 75 | 1 | 0 | 0 | 1 | 0 |
| 2015 | 14 | 0 | 0 | 13 | 93 | 0 | 0 | 10 | 71 | 4 | 0 | 2 | 2 | 1 |
| 2016 | 8 | 0 | 0 | 8 | 100 | 0 | 0 | 7 | 88 | 2 | 0 | 2 | 0 | 0 |
| 2017 | 19 | 0 | 0 | 16 | 84 | 0 | 0 | 12 | 63 | 2 | 0 | 1 | 1 | 0 |

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 173. gr. a. alm. hgl., þ.e. stórfelld fíkniefnabrot og bárust ríkissaksóknara undanfarin þrjú ár og embætti héraðssaksóknara árin 2016 og 2017.

Árið 2013 bárust 13 mál sem talin voru varða við 173. gr. a. alm. hgl. Gefnar voru út ákærur í 11 málum. Tvö málanna voru endursend viðkomandi embætti þar sem málin vörðuðu brot á lögum um ávana- og fíkniefni. Í tveimur málum, þar sem sakborningar voru fleiri en einn, voru málin felld niður á hendur nokkrum en aðrir ákærðir í sama máli.

Á árinu 2014 bárust fjögur mál sem talin voru varða við 173. gr. a. alm. hgl.  Gefnar voru út ákærur í þeim öllum. Sakfellt var í þremur málum. Einu máli er ólokið í héraði.  Einu máli var áfrýjað og er því ólokið í Landsrétti.

Á árinu 2015 bárust 14 mál sem talin voru varða við 173. gr. a. alm. hgl. Gefnar hafa verið út ákærur í 13 málum. Í fimm málum voru fleiri en einn ákærðir og í einu máli voru 17 sakborningar, þar af var fellt niður á 12 aðila og gefin út ákæra á hendur fimm aðilum.  þrjú mál eru ódæmd í héraði.  Fjórum málum hefur verið áfrýjað og sakfellt í tveimur og tvö eru ódæmd í Landsrétti. Um áramótin 2017-2018 var einu ólokið.

Á árinu 2016 bárust héraðssaksóknara átta mál sem talin voru varða við 173. gr. a. alm. hgl.  Ákæra var gefin út í þeim öllum. Sakfellt hefur verið í sjö málum en einu er ólokið í héraði.  Tveimur málum var áfrýjað og var sakfellt í þeim báðum í Hæstarétti. Í einu máli voru fjórir aðilar ákærðir og voru þeir allir sakfelldir bæði í héraði og Hæstarétti.

Á árinu 2017 bárust héraðssaksóknara 19 mál er vörðuðu við 173. gr. a. alm. hgl. Ákært hefur verið í 16 málum og sakfellt í 12, fjögur mál eru ódæmd í héraði.  Tveimur málum hefur verið áfrýjað og var sakfellt í öðru í Hæstarétti en hitt er ódæmt í Landsrétti.
Í tveimur af þessum málum voru tveir kærðir og ákæra gefin út á hendur öðrum aðilanum en fellt niður á hendur hinum. Þrjú mál eru óafgreidd um áramót.

## Kynferðisbrot

**Kynferðisbrot (194. gr. alm. hgl.)**

| | Alls | Niðurfellt | | Ákært | | Sýknað í héraðsdómi | | Sakfellt í héraðsdómi | | Áfrýjað | Sýknað í Hæstarétti | Sakfellt í Hæstarétti | Ódæmt í Hæstarétti | Ólokin mál |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| 2012 | 64 | 36 | 56 | 24 | 38 | 7 | 71 | 17 | 71 | 19 | 3 | 13 | 3 | 0 |
| 2013 | 62 | 40 | 64,5 | 21 | 34 | 10 | 52 | 11 | 52 | 11 | 1 | 5 | 4 | 0 |
| 2014 | 46 | 28 | 61 | 9 | 20 | 0 | 56 | 5 | 56 | 4 | 0 | 3 | 1 | 7 |
| 2015 | 78 | 9 | 11,5 | 10 | 13 | 2 | 50 | 5 | 50 | 1 | 0 | 0 | 0 | 59 |
| 2016 | 70 | 8 | 11,4 | 6 | 9 | 1 | 50 | 3 | 50 | 1 | 0 | 0 | 0 | 55 |

Á árinu 2013 bárust 64 mál sem heimfærð voru undir ofangreint  ákvæði. Af þessum 64 málum voru 36 felld niður og gefnar voru út ákærur í 24 málum. Rannsókn var hætt í fjórum málum.

Á árinu 2014 bárust 65 mál er vörðuðu við 194. gr. alm. hgl. Af þessum 65 málum voru 41 mál felld niður, rannsókn var hætt í einu máli og gefnar voru út ákærur í 23 máli. Ein ákæra var afturkölluð. 10 málum var áfrýjað til Hæstaréttar.

Á árinu 2015 bárust 44 mál er vörðuðu við 194. gr. alm. hgl.  Af þessum 44 málum voru 30 mál felld niður og gefnar voru út ákærur í 13 málum. Sakfellt var í tíu og sýknað í þremur Níu málum var áfrýjað og var sakfellt í þremur og eru þrjú mál enn ódæmd í Landsrétti.  Einu máli var lokið með því að hætta rannsókn.

Á árinu 2016 bárust héraðssaksóknara 78 mál er vörðuðu við 194. gr. alm. hgl. 48 mál voru felld niður og gefin út ákæra í 24 málum. Sakfellt var í 15 málum og sýknað í fimm.  Átta málum var áfrýjað. Um áramótin 2017 - 2018 voru sex mál óafgreidd.

Á árinu 2017 bárust héraðssaksóknara 70 mál er vörðuðu við 194. gr. alm. hgl. Átta mál hafa verið felld niður og gefnar út ákæra í sex málum. Í einu máli var fallið frá saksókn.  Um áramót eru 55 mál óafgreidd.

| Kynferðisbrot (198. – 199. gr. alm. hgl.) | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Alls | Niðurfellt | | Ákært | | Sýknað í héraðsdómi | | Sakfellt í héraðsdómi | | Áfrýjað | Sýknað í Hæstarétti | Sakfellt í Hæstarétti | Ódæmt í Hæstarétti | Ólokin mál |
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| 2013 | 15 | 2 | 13 | 4 | 27 | 0 | 0 | 4 | 100 | 4 | 0 | 4 | 0 | 0 |
| 2014 | 15 | 9 | 60 | 6 | 40 | 1 | 17 | 5 | 83 | 2 | 0 | 2 | 0 | 0 |
| 2015 | 15 | 7 | 47 | 5 | 33 | 1 | 20 | 3 | 60 | 1 | 0 | 0 | 1 | 3 |
| 2016 | 14 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 12 |
| 2017 | 14 | 2 | 14 | 3 | 21 | 0 | 0 | 3 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 9 |

Á árinu 2013 bárust 15 mál sem heimfærð voru undir ofangreint ákvæði. Átta mál voru felld niður. Fallið var frá saksókn í tveimur málum og rannsókn var hætt í einu máli. Gefnar voru út ákærur í fjórum málum.

Á árinu 2014 bárust 15 mál er vörðuðu ofangreind ákvæði. Af þessum 15 málum þá voru níu mál felld niður og gefnar út ákærur í sex málum.

Á árinu 2015 bárust 13 mál er vörðuðu við ofangreind ákvæði. Átta mál voru felld niður og gefin út ákæra í fimm málum.

Á árinu 2016 bárust héraðssaksóknara 14 mál er voru talin varða við ofangreind ákvæði. Rannsókn hefur verið hætt í tveimur málum. Um áramótin 2017 – 2018 voru þrjú mál óafgreidd.

Á árinu 2017 bárust héraðssaksóknara 14 mál er vörðuðu við ofangreint ákvæði. Tvö mál hafa verið felld niður og gefin út ákæra í þremur. Níu mál eru óafgreidd um áramót.

| Kynferðisbrot (200. - 202. gr. alm. hgl.) | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Alls | Niðurfellt | | Ákært | | Sýknað í héraðsdómi | | Sakfellt í héraðsdómi | | Áfrýjað | Sýknað í Hæstarétti | Sakfellt í Hæstarétti | Ódæmt í Hæstarétti | Ólokin mál |
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| 2012 | 72 | 28 | 39 | 39 | 54 | 7 | 18 | 32 | 82 | 20 | 2 | 18 | 0 | 0 |
| 2013 | 63 | 27 | 43 | 28 | 44 | 5 | 18 | 23 | 82 | 14 | 1 | 13 | 0 | 0 |
| 2014 | 65 | 37 | 57 | 19 | 29 | 1 | 5 | 17 | 89 | 2 | 0 | 2 | 0 | 0 |
| 2015 | 56 | 27 | 48 | 19 | 34 | 3 | 16 | 15 | 79 | 2 | 0 | 1 | 1 | 3 |
| 2016 | 45 | 5 | 11 | 3 | 7 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 35 |

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 200. - 202. gr. alm. hgl. og bárust ríkissaksóknara undanfarin þrjú ár og héraðssaksóknara árin 2016 og 2017.

Á árinu 2013 bárust 63 mál sem heimfærð voru undir ofangreint ákvæði. 27 mál voru felld niður og gefnar voru út ákærur í 28 málum. Í einu máli var fallið frá saksókn og rannsókn var hætt í sex málum. Ákvörðun refsingar var frestað skilorðsbundið í einu máli.

Á árinu 2014 bárust 65 mál sem heimfærð voru undir ofangreind ákvæði. Af þessum 65 málum, þá voru 37 felld niður og gefnar út ákærur í 19 málum. Ein ákæra var síðan afturkölluð þar sem málið var fyrnt og var það því fellt niður. Fallið var frá saksókn í tveimur málum. Skilorðsbundin ákærufrestun var gerð í sjö málum.

Á árinu 2015 bárust 54 mál sem heimfærð voru undir ofangreint ákvæði Af þeim voru 25 mál felld niður. Fallið var frá saksókn í tveimur málum og ákæra var gefin út í 22 málum. Tvö mál voru afgreidd með því að hætta rannsókn. Þremur málum var lokið með skilorðsbundinni ákærufrestun.

Á árinu 2016 bárust héraðssaksóknara 50 mál er voru talin varða við ofangreint ákvæði.
Af þessum 50 málum hafa 19 mál verið felld niður og ákæra gefin út í 20 málum. fimm málum var lokið með skilorðsbundinni ákærufrestun og í tveimur málum var rannsókn hætt. Um áramótin 2017 - 2018 var fjórum málum ólokið.

Á árinu 2017 bárust héraðssaksóknara 38 mál er vörðuðu við ofangreind ákvæði. Eitt mál hefur verið fellt niður og ákæra gefin út í fjórum málum. Fallið hefur verið frá saksókn í fjórum málum. Um áramót voru 29 mál óafgreidd.

| Kynferðisbrot (204. gr. gáleysi sbr. 201. gr. og 202. gr. alm. hgl.) | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Alls | Niðurfellt | | Ákært | | Sýknað í héraðsdómi | | Sakfellt í héraðsdómi | | Áfrýjað | Sýknað í Hæstarétti | Sakfellt í Hæstarétti | Ódæmt í Hæstarétti | Ólokin mál |
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| 2013 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 2014 | 4 | 2 | 50 | 1 | 25 | 0 | 0 | 1 | 100 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 2015 | 1 | 0 | 0 | 1 | 100 | 1 | 100 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 2016 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 2017 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |

Á árinu 2013 barst ekkert mál sem heimfært var undir þetta ákvæði.

Á árinu 2014 bárust fjögur mál er vörðuðu við ofangreint ákvæði. Tvö voru felld niður, ákært var í einu máli og gefin út skilorðsbundin ákærufrestun í einu.

Á árinu 2015 bárust þrjú mál er vörðuðu við ofangreint ákvæði. Var ákært í tveimur málum og rannsókn hætt í einu. Ekki var búið að dæma í öðru málinu um áramótin 2017-2018.

Á árinu 2016 barst héraðssaksóknara eitt mál er varðaði við 204. gr. alm. hgl. Var ákært í því máli, en dómfelldi var sýknaður af refsikröfu en dæmdur til að sæta sérstakri öryggis-ráðstöfun.

Á árinu 2017 barst ekkert mál er varðaði við 204. gr. alm. hgl.

| Kynferðisbrot (206. gr. alm. hgl.) | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Alls | Niðurfellt | | Ákært | | Sýknað í héraðsdómi | | Sakfellt í héraðsdómi | | Áfrýjað | Sýknað í Hæstarétti | Sakfellt í Hæstarétti | Ódæmt í Hæstarétti | Ólokin mál |
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| 2012 | 68 | 35 | 51 | 33 | 48,5 | 0 | 0 | 33 | 100 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 2013 | 74 | 26 | 35 | 45 | 60,8 | 0 | 0 | 45 | 100 | 1 | 0 | 1 | 0 | 1 |
| 2014 | 4 | 2 | 50 | 2 | 50 | 0 | 0 | 2 | 100 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 2015 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 2016 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |

Á árinu 2013 voru 68 mál heimfærð undir ofangreint ákvæði. Vörðuðu þau öll við 1. mgr. 206. gr. alm. hgl. Af þessum 68 málum voru 35 felld niður. Gefnar voru út ákærur í 33 málum.

Á árinu 2014 voru 74 mál heimfærð undir ofangreint ákvæði. Vörðuðu 72 þeirra við 1. mgr. 206. gr. alm. hgl. og tvö við 3. mgr. 206. gr. alm. hgl. Af þessum 72 málum er vörðuðu 1. mgr. 206. gr. alm. hgl. voru 25 mál felld niður og gefnar út ákærur í 45 málum. Í einu máli var rannsókn hætt og í einu var gefin út skilorðsbundin ákærufrestun.
Vegna 3. mgr. 206. gr. alm. hgl., þá var annað málið fellt niður og rannsókn hætt í hinu.

Á árinu 2015 voru fjögur mál heimfærð undir ofangreint ákvæði. Eitt mál varðaði 1. mgr. 206. gr. alm. hgl., var ákært í því og dæmd sekt. Eitt mál varðaði 2. mgr. 206. gr. alm. hgl. og var ákært í því. Tvö mál vörðuðu 3. mgr. 206. gr. alm. hgl. og voru þau bæði felld niður.

Á árinu 2016 bárust héraðssaksóknara fjögur mál er vörðuðu við 206. gr. alm. hgl. Ákært var í einu máli, og sakfellt í héraði og er það nú í áfrýjun til Landsréttar. Var fallið frá saksókn í tveimur málum og einu máli lokið með skilorðsbundinni ákærufrestun.

Á árinu 2017 barst héraðssaksóknara ekkert mál er varðaði við 206. gr. alm. hgl.

**Kynferðisbrot (209. gr. alm. hgl.)**

| | Alls | Niðurfellt | | Ákært | | Sýknað í héraðsdómi | | Sakfellt í héraðsdómi | | Áfrýjað | Sýknað í Hæstarétti | Sakfellt í Hæstarétti | Ódæmt í Hæstarétti | Ólokin mál |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| 2013 | 16 | 3 | 19 | 13 | 81 | 2 | 15 | 11 | 85 | 4 | 0 | 4 | 0 | 0 |
| 2014 | 17 | 6 | 35 | 11 | 65 | 1 | 9 | 8 | 73 | 4 | 1 | 3 | 0 | 0 |
| 2015 | 13 | 0 | 0 | 12 | 92 | 1 | 8 | 10 | 83 | 1 | 0 | 0 | 1 | 1 |
| 2016 | 10 | 0 | 0 | 1 | 10 | 0 | 0 | 1 | 100 | 0 | 0 | 0 | 0 | 9 |
| 2017 | 43 | 1 | 2 | 5 | 12 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 35 |

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 209. gr. alm. hgl., og bárust ríkissaksóknara undanfarin þrjú ár og héraðssaksóknara árin 2016 og 2017.

Á árinu 2013 bárust 16 mál sem heimfærð voru undir ofangreint ákvæði. Í þrettán málum voru gefnar út ákærur. Þrjú mál voru felld niður.

Á árinu 2014 bárust 17 mál er voru heimfærð undir ofangreint ákvæði. Gefin var út ákæra í 11 málum, ein ákæran var afturkölluð og fallið var frá ákærulið fyrir brot gegn 209. gr. alm. hgl., þar sem ákært var fyrir fleiri brot. Sex mál voru felld niður.

Á árinu 2015 bárust 13 mál er vörðuðu við 209. gr. alm. hgl. Ákæra var gefin út í 12 málum. Eitt mál var fellt niður.

Á árinu 2016 bárust héraðssaksóknara 11 mál er vörðuðu við 209. gr. alm. hgl. Ákæra hefur verið gefin út í fjórum málum. Tvö mál hafa verið felld niður og rannsókn hætt í einu, fallið frá saksókn í einu og rannsókn hætt í einu Um áramót 2017 – 2018 voru tvö mál óafgreidd.

Á árinu 2017 bárust héraðssaksóknara 43 mál er vörðuðu við 209. gr. alm hgl. Ákæra hefur verið gefin út í fimm málum. Eitt mál hefur verið fellt niður, rannsókn hætt í einu máli og ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið í einu máli. 35 mál eru óafgreidd um áramót.

**Kynferðisbrot (210. gr. alm. hgl.)**

| | Alls | Niðurfellt | | Ákært | | Sýknað í héraðsdómi | | Sakfellt í héraðsdómi | | Áfrýjað | Sýknað í Hæstarétti | Sakfellt í Hæstarétti | Ódæmt í Hæstarétti | Ólokin mál |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | |
| 2013 | 3 | 1 | 33 | 2 | 67 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 2014 | 13 | 2 | 15 | 9 | 70 | 0 | 0 | 9 | 100 | 2 | 0 | 2 | 0 | 1 |
| 2015 | 14 | 2 | 14 | 9 | 64 | 2 | 22 | 6 | 67 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| 2016 | 2 | 1 | 50 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| 2017 | 3 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 |

Í ofangreindri töflu má sjá tölur yfir fjölda mála sem heimfærð hafa verið undir 210. gr. alm. hgl. og bárust ríkissaksóknara undanfarin þrjú ár og héraðssaksóknara árin 2016 og 2017. Algengast er að um sé að ræða brot gegn 4. mgr. ákvæðisins vegna vörslu á barnaklámi. Í júní 2012 var ákvæðinu breytt og brot sem áður vörðuðu við 4. mgr. 210. gr. alm. hgl. voru eftir það heimfærð undir 210. gr. a. alm. hgl.

Á árinu 2013 bárust þrjú mál, vörðuðu þau öll við 1. mgr. 210. gr. a. alm. hgl. Ákært var í tveimur málum. Eitt mál var fellt niður.

Á árinu 2014 bárust 13 mál er vörðuðu við 210. gr. alm. hgl. 11 þeirra vörðuðu 1. mgr. 210. gr. a. alm. hgl. Gefnar voru út ákærur í níu af þeim málum. Einu máli var lokið með að falla frá saksókn. Eitt mál var fellt niður. Tvö mál vörðuðu 3. mgr. 210. gr. alm. hgl. Var eitt mál fellt niður og ákæra gefin út í hinu.

Á árinu 2015 bárust samtals 13 mál er vörðuðu við 210. gr. alm. hgl. Af þeim voru 11 mál er vörðuðu við 210. gr. a. alm. hgl. Tvö af þeim málum voru felld niður og ákært í átta málum. Rannsókn var hætt í einu og fallið frá saksókn í einu. Tvö mál bárust á árinu 2015 sem vörðuðu við 2. mgr. 210. gr. alm. hgl. Ákært var í þeim báðum.

Á árinu 2016 bárust héraðssaksóknara þrjú mál er vörðuðu við 210. a. gr. alm. hgl. Eitt var fellt niður og ákæra gefin út í tveimur.

Á árinu 2017 bárust þrjú mál sem vörðuðu við 210. a. gr. alm. hgl. og er búið að gefa út ákæru í einu og tvö mál eru óafgreidd um áramótin.

## 2.4. Tímalengd gæsluvarðhalds

| Gæsluvarðhaldsúrskurðir uppkveðnir á árinu 2016 og fyrirkomulag gæsluvarðhaldsvistar. | |
|---|---|
| Fjöldi úrskurða | 142 |
| Fjöldi einstaklinga | 139 |
| Dagar í gæslu | 11800 |
| Dagar úrskurðað | 13901 |

**Fyrirkomulag, sbr. 1. mgr. 99. gr. laga nr. 88/2008:**

| | Dagur | Meðaldagafjöldi | Lágm. | Hám. |
|---|---|---|---|---|
| abcdf | 454 | 11,35 | 1 | 41 |
| Án skilyrða skv. 1. mgr. 99. gr. | 10711 | 109,30 | 1 | 602 |
| b-liðar 1. mgr. 99. gr. | 28 | 14,00 | 14 | 14 |
| bd-liðir 1. mgr. 99. gr. | 9 | 9,00 | 9 | 9 |
| bcde-liðir 1. mgr. 99. gr. | 162 | 9,53 | 3 | 22 |
| bcdef-liðir 1. mgr. 99. gr. | 352 | 12,57 | 3 | 31 |
| cd-liðir 1. mgr. 99. gr. | 41 | 13,67 | 3 | 35 |
| cde-liðir 1. mgr. 99. gr. | 3 | 1,50 | 1 | 2 |
| cdef-liðir 1. mgr. 99. gr. | 32 | 16,00 | 14 | 18 |
| d-liðar 1. mgr. 99. gr. | 8 | 8,00 | 8 | 8 |
| Samtals | 11800 | | | |

*Án Án takmarkana, b Einrúm, c Heimsóknarbann, d Bréfaskoðun, e Fjölmiðlabann, f Vinnubann*

Um algjöra einangrun er að ræða þegar beitt er b, c, d, og e-liðum saman, en einangrun að vissu marki þegar beitt er þremur eða færri liðum.

## 2.5. Kærðar ákvarðanir lögreglustjóra

Alls sættu 56 mál kæru til ríkissaksóknara þar sem lögreglustjóri eða héraðssaksóknari hafði ákveðið, að rannsókn lokinni, að höfða ekki mál með vísan til 145. gr. laga um meðferð sakamála, þ.e. það sem fram kom við rannsóknina þótti ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis. Kæruheimildina er að finna í 2. mgr. 147. gr. laga um meðferð sakamála.

**Kærur á grundvelli 2. mgr. 147. gr. sml.**

| Kærur | Ákvörðun felld úr gildi | Ákvörðun staðfest |
|---|---|---|
| 53 | 14 | 29 |
| | **Kæra afturkölluð** | **Kæru vísað frá** |
| | 1 | 2 |
| **Brotaflokkur** | **Fjöldi** | |
| Auðgunarbrot og önnur brot er varða fjárréttindi | 10 | |
| Kynferðisbrot | 18 | |
| Líkamsárásir | 16 | |
| Líkamsmeiðingar af gáleysi | 3 | |
| Mannsbani af gáleysi | 2 | |
| Hótanir | 1 | |
| Heimilisofbeldi | 1 | |
| Brot á lögum um verðbréfaviðskipti | 1 | |
| Opinber starfsmaður. Kæra á lögreglu | | |

*10 málum er ólokið um áramót.*

Alls sættu sjö mál kæru til ríkissaksóknara þar sem lögreglustjóri eða héraðssaksóknari hafði ákveðið að falla frá saksókn með vísan til 3. mgr. 146. gr. laga um meðferð sakamála. Kæruheimildina er að finna í 2. mgr. 147. gr. laga um meðferð sakamála.

| Kærur á grundvelli 2. mgr. 147. gr. sml. | | |
|---|---|---|
| **Kærur** | **Ákvörðun felld úr gildi** | **Ákvörðun staðfest** |
| 7 | 2 | 4 |
| **Brotaflokkur** | **Fjöldi** | |
| Brot gegn valdstjórninni | 1 | |
| Kæra á lögreglu – opinb. starfsmaður | 1 | |
| Kynferðisbrot | 1 | |
| Auðgunarbrot og ýmis brot er varða fjárréttindi | 2 | |
| Hótanir | 2 | |

Ríkissaksóknara bárust 110 kærumál vegna ákvarðana lögreglustjóra um að vísa frá kæru án rannsóknar eða hætta rannsókn, sbr. 4. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála. Kæruheimildina er að finna í 6. mgr. 52.gr. laga um meðferð sakamála.

| Kærur á grundvelli 6. mgr. 52. gr. sml. | | |
|---|---|---|
| **Kærur** | **Ákvörðun felld úr gildi** | **Ákvörðun staðfest** |
| 120 | 21 | 52 |
| | **Kæra afturkölluð** | **Kæru vísað frá** |
| | 0 | 2 |
| **Brotaflokkur** | **Fjöldi** | |
| Auðgunarbrot og önnur brot er varða fjárréttindi | 49 | |
| Opinber starfsm. - Kæra á lögreglu | 4 | |
| Kynferðisbrot | 5 | |
| Líkamsárásir | 26 | |
| Rangar sakargiftir og rangur framburður | 5 | |
| Sérrefsilagabrot | 7 | |
| Skjalafals | 6 | |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 6 | |
| Brot í opinberu starfi | 1 | |
| Almannahættubrot/Ýmis brot á hagsm. alm. | 1 | |
| Samtals | 110 | |

**Eitt mál var fellt úr gildi að hluta og staðfest að hluta**

*34 mál eru óafgreidd um áramót.*

## 2.6. Kærur samkvæmt 35. gr. lögreglulaga

Kærur samkvæmt 35. gr. lögreglulaga

| Ár | Kærur alls | Niðurfell-ing | Fallið frá saks. | Ranns. hætt | Kæru vísað frá | Ákæra | Dómur. Sakf. | Dómur. Sýkn | Áfrýjað | Hæstir. | Í vinnslu um áramót |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2013 | 36 | 10 | 0 | 13 | 12 | 1 | 1 | 0 | 1 | Sakf. | 0 |
| 2014 | 31 | 7 | 0 | 8 | 14 | 2 | 2 | 0 | 1 | Sakf. | 0 |
| 2015 | 31 | 4 | 0 | 11 | 16 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 2016 | 38 | 8 | 2 | 19 | 5 | 3 | 3 | 0 | 3 | 0 | 2 |
| 2017 | 23 | 2 | 0 | 9 | 3 | 2 | 0 | 1 | 0 | 0 | 7 |

*2016: 2 mál ólokin um áramót 2017/2018*
*3 mál áfr. Ólokið fyrir Hæstarétti 2017/2018*

*2017: 7 málum ólokið 2017/2018*

## 2.7. Áfrýjunarmál

Útgefnar áfrýjunarstefnur á árinu 2017 voru 100 talsins í 98 málum.

Ákæruvaldið hafði frumkvæði að áfrýjun til Hæstaréttar í 18 málum en afturkallaði eina áfrýjun. Tvö málanna vörðuðu kynferðisbrot og var refsing þyngd í báðum þessum málum. Þremur málum þar sem sýknað var fyrir hatursorðræðu var áfrýjað af ákæruvaldinu. Tveir sakborningar voru dæmdir til greiðslu sektar og einn sýknaður.
Einu máli er varðaði umboðssvik var áfrýjað af ákæruvaldinu að því er varðaði einn aðila málsins og fjórir áfrýjuðu?. Er það ódæmt. Tveimur málum er vörðuðu stórfellt skattalagabrot var áfrýjað, annað var sýknudómur en sakfellt var í hinu. Bæði málin fluttust yfir til Landsréttar um áramótin.
Einu máli er varðaði rán var áfrýjað, en sakborningi var ekki gerð refsing í héraðsdómi. Hæstiréttur dæmdi hann til að sæta fangelsi. Tveimur málum er vörðuðu líkamsárás var áfrýjað af ákæruvaldinu, annað er ódæmt en í hinu var refsing þyngd. Þremur málum er vörðuðu þjófnað var áfrýjað. Í einu var refsing þyngd, en hin tvö eru ódæmd.
Einu máli var áfrýjað af ákæruvaldinu er varðaði rangar sakargiftir, það mál er ódæmt. Einu máli er varðaði umferðarlög var áfrýjað, er það ódæmt. Að lokum var einu ölvunarakstursmáli áfrýjað og er það ódæmt.

Dómfelldu höfðu frumkvæði að áfrýjun í 81 máli en fallið var frá áfrýjun í sjö málum. Hæstiréttur mildaði refsingu í þremur málum, en refsing var þyngd í einu máli. Í sjö málum var niðurstaða héraðsdóms staðfest.

Um áramót 2017 - 2018 eru 76 mál ódæmd í Hæstarétti.

| Hegningarlagabrot 2017 | | Sérrefsilagabrot 2017 | |
|---|---|---|---|
| Kynferðisbrot | 18 | Skattalagabrot | 5 |
| Skjalafals | 3 | Ávana- og fíkniefnalög | 3 |
| Auðgunarbrot | 12 | Siglingalög | 1 |
| Ýmis brot er varða ýmis fjárréttindi | 4 | Umferðarlagabrot | 1 |
| Líkamsárásir | 21 | Ölvunar-fíknie-lyfjaakstur | 5 |
| Líkamsmeiðing af gáleysi | 1 | **Önnur sérrefsilög** | 4 |
| Fíkniefnabrot - stórfellt | 6 | | |
| Manndráp | 1 | | |
| Manndráp - tilraun | 2 | | |
| Brot gegn frjálsræði | 1 | | |
| Rangur framburður og rangar sakargiftir | 1 | | |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífsins | 4 | | |
| Brot í opinberu starfi | 3 | | |
| Brot gegn valdstjórninni/opnb. starfsm | 4 | Samtals | |

## 2.8. Sektarboð og sektargerðir

Árið 2013 varð breyting á reglugerð um lögreglustjórasektir og tekin í notkun vettvangsskýrsla vegna umferðarlagabrota. Þá getur sá kærði undirritað skýrslu á vettvangi og fær síðan sendan greiðsluseðil. Áður var sent út sektarboð í slíkum málum. Sektarboð er hins vegar enn sent út ef ekki næst í þann brotlega, t.d. vegna hraðamyndavéla.

Í árslok 2017 höfðu lögreglustjórar sent út sektarboð vegna 50.687 brota. Í sektarboðum er einvörðungu um að ræða umferðarlagabrot. Þar af höfðu 46.368 sektarbrot verið greidd á árinu en það er 91% af útsendum sektarbrotum í sektarboðum. Þau brot sem oftast var sektað fyrir var of hraður akstur.

Heildarfjöldi brota í sektargerðum lögreglustjóra voru 4381 í árslok. Um var að ræða 2.565 sektargerðir og hafa 1.632 sektargerðir verið greiddar á árinu eða 64%. Flest brotin vörðuðu umferðarlagabrot eða 3.028, þar af 858 vegna ölvunaraksturs og 629 vegna aksturs undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Alls var 641 minniháttar brotum gegn lögum um meðferð ávana- og fíkniefna lokið með sektargerð og 82 hegningarlagabrotum og var þar um að ræða 70 þjófnaðarbrot. Einnig var 630 brotum gegn öðrum sérrefsilögum lokið með sektargerð.

Það athugist að eitt sektarboð eða ein sektargerð getur falið í sér fleiri en eitt brot.

Ríkissaksóknari • Suðurlandsbraut 4 • 108 Reykjavík • sími  444 2900 • www.rikissaksoknari.is